Miðvikudaginn 27. mars 1996.

Nr. 286/1995. **Fasteignamiðstöðin hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
**Jóni Guðmundssyni**
(Sigurbjörn Magnússon hrl.)

Málskostnaðartrygging.

**Úrskurður Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Mál þetta var þingfest í Hæstarétti 2. febrúar 1996. Í greinargerð stefnda, sem barst réttinum 13. mars 1996, var þess krafist, að áfrýjanda yrði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði hafnað.

Rök stefnda eru þau, að 4. desember 1995 hafi verið gert árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda og í framhaldi af því lögð fram beiðni um gjaldþrotaskipti á búi hans 1. mars 1996. Hjá sýslumanninum í Reykjavík liggi fyrir fjöldi aðfararbeiðna á hendur áfrýjanda. Séu verulegar líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Reisir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt með þeim rökum, að stefnda hafi borið að setja fram kröfu sína um málskostnaðartryggingu við þingfestingu málsins. Hann hafi lagt fram beiðni um löggeymslu hjá sýslumanninum í Reykjavík 24. ágúst 1995 á grundvelli héraðsdóms í máli þessu, og hafi honum þá verið kunnugt um fjárhagsörðugleika áfrýjanda. Áfrýjandi hafi greitt verulegan hluta skulda sinna eða samið um þær. Skrá um aðfararbeiðnir, sem stefndi vísi til, sé ómarktæk, þar sem þar komi fram fjöldi skulda, sem þegar hafi verið greiddar, og sömu kröfurnar komi þar fram oftar en einu sinni. Kröfu um gjaldþrotaskipti á búi áfrýjanda verði mótmælt, en áfrýjandi telur skuld sína við kröfuhafann fást greidda af uppboðsandvirði húseignar við Birkihlíð í Reykjavík samkvæmt tryggingarbréfi í þeirri eign. Þá hafi áfrýjandi lagt fyrir Hæstarétt skjöl, sem sýni hærri greiðslur til stefnda en hann hefur viðurkennt.

Gegn mótmælum áfrýjanda hefur stefndi ekki leitt nægar líkur að því, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að hafna kröfu stefnda.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefnda, Jóns Guðmundssonar, um málskostnaðartryggingu er hafnað.